



HRUNAMANNAHREPPUR

50. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 6. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 9. MAÍ 2018

KL. 17.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 9. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 17:00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnáði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, beiðni eiganda Efra-Langholts um endurskoðun á fyrri ákvörðun um breytingu á aðalskipulagi. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2017: Seinni umræða.
2. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2018-2024.
3. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Póst og fjarskiptastofnun.
4. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl) .
5. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.
6. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029.
7. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Kristnisjóð o.fl.
8. Hrókurinn: Tuttugu ára afmæli Hróksins.
9. Skipholtsskrókur: Rannsóknir.
10. Minnisblað: Vinnufundur vegna afréttarmála.
11. Vesturbrún: Opnun tilboða.
12. Sorpstöð Suðurlands: Viljayfirlýsing dags. 24.04.2018 milli sorpsamlagana á suðvesturhorninu.
13. Tjald- og þjónustusvæði á Flúðum. Deiliskipulagsbreyting. -liggur frammi á fundinum-
14. Íbúafundur.
15. Næstu fundir sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

16. Fundargerð 155. fundar skipulagsnefndar frá 26. apríl s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 18. apríl s.l.
Mál nr. 20: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
17. Stjórn UTU bs: Fundargerð 52. fundar stjórnar frá 26. apríl 2018.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 265. fundar stjórnar frá 24. apríl s.l.
- b. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 16. fundar stjórnar frá 23. apríl s.l.
- c. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 27. febrúar s.l.
- d. Listasafn Árnesingar: Fundargerð stjórnar frá 10. apríl s.l.
- e. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð stjórn frá 4. maí s.l.

Kynningarmál:

- f. Umhverfis og tæknisvið uppsveita. Deiliskipulagsbreyting.
- g. Skógarafurður: Vinnsla skógarafurða.
- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 859. fundar stjórnar frá 27. apríl s.l.

- i. SASS: Fundargerð 531. fundar stjórnar frá 6. apríl s.l.
- j. Gjálp: Fundargerð aðalfundar frá 19. apríl s.l.
- k. Samband sunnlenskra kvenna: Fréttatilkynning.
- l. Skýrsla orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu 2017.
- m. Fundargerð aðalfundar Reiðhallarinnar á Flúðum ehf frá 19. mars s.l og ársreikningur 2017.
- n. UMFH: Árskýrsla og rekstrarreikningur 2017.

Fundir framundan:

- o. SASS: Auka aðalfundar SASS 26. og 27. júní 2018 í Vestmannaeyjum.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2017: Seinni umræða.**
Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2017 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 11,5 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 31,5 millj. Nettófjárfesting var 94,6 millj. Veltufé frá rekstri 89,6 millj. Heildar eignir 1,358 millj., heildarskuldir 768,7 millj. og eigið fé 589,5 millj. Skuldahlutfall er 76% og hefur lækkað úr 78% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.
2. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2018-2024.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2018-2024.
3. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Póst og fjarskiptastofnun.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um Póst og fjarskiptastofnun.
4. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl) .**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl).
5. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.
6. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029.
7. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Kristnisjóð o.fl.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um Kristnisjóð o.fl.
8. **Hrókurinn: Tuttugu ára afmæli Hróksins.**
Oddviti kynnti stuðningsbeiðni frá Skákkfélaginu Hróknum vegna tuttugu ára afmælis félagsins. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
9. **Skipholtskrókur: Rannsóknir.**
Oddviti kynnti beiðni frá Giancarlo Gianazza um áframhaldandi rannsóknir í Skipholtskrók á Hrunamannaafretti. Sveitarstjórn samþykkir að veita áframhaldandi leyfi til rannsókna í Skipholtskróki en krafa er gerð um að umgengni og frágangur verði til fyrirmyndar og ekki verði grafnar rannsóknarholur nema með sérstöku leyfi sveitarstjórnar.
10. **Minnisblað: Vinnufundur vegna afréttarmála.**
Oddviti kynnti minnisblað vinnuhóps um merkingar, skiltagerð og stofnun lóða um hús sveitarfélagsins á Hrunamannaafretti. Sveitarstjórn samþykkir að halda áfram með verkefnið í samstarfi við Landgræðslufélag Hrunamanna og Ásæl. Í sambandi við stofnun lóða felur sveitarstjórn sveitarstjóra að leita tilboða í deiliskipulagsvinnu.

11. Vesturbrún: Opnun tilboða.

Oddviti kynnti niðurstöður útboðs vegna gatnagerðar og lagnavinnu í Vesturbrún. Í verkið barst eitt tilboð frá Gröfutaekni ehf að fjárhæð kr. 39.993.600. Tilboðið var undir kostnaðaráætlun. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Gröfutaekni ehf og felur sveitarstjóra að undirrita samning vegna þess.

12. Sorpstöð Suðurlands: Viljayfirlýsing dags. 24.04.2018 milli sorpsamlagana á suðvesturhorninu.

Oddviti kynnti viljayfirlýsingu um samvinnu og samstarf í úrgangsmálum milli SORPU bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Sorpstöðvar Suðurlands bs. og Sorpurðunar Vesturlands hf. Sveitarstjórn fagnar áfanganum.

13. Tjald- og þjónustusvæði á Flúðum. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi sem tekur til svæðis milli flugvallar og tjaldsvæðis á Flúðum. Um er að ræða sameiningu tveggja lóða sem eru skilgreindar í aðalskipulagi sem verslunar- og þjónustusvæði. Til stendur að sameina þessar tvær lóðir í eina sem verður samtals 13,960 m², sem er 468 m² minni en lóðirnar tvær sem fyrir voru. Aðeins verður einn byggingarreitur samtals 2960m², sem er 110m² stærri en byggingarreitimir tveir sem fyrir voru. Skilmála fyrir byggingarreit A1 er breytt í að hús geti verið á tveimur hæðum auk kjallara og hámarkshæð húss fer úr 7m í 8m. Eins er gert ráð fyrir að breyta afmörkun bílastæðis á lóðinni. Til samræmis við aðalskipulag eru búið að setja inn afmarkanir hindrunarflata flugvallarins og uppfæra stíga og reiðleiðir. Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og samþykkir deiliskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga. Óskað verður eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar.

14. Íbúafundur.

Sveitarstjórn samþykkir að halda íbúafund til að kynna ársreikning Hrunamannahrepps 2017 miðvikudaginn 16. maí kl. 20:00 í Félagsheimilinu.

15. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 31. maí kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

16. Fundargerð 155. fundar skipulagsnefndar frá 26. apríl s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 18. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 155. fundar skipulagsnefndar frá 26. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. apríl s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 20: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. apríl s.l.

17. Stjórn UTU bs: Fundargerð 52. fundar stjórnar frá 26. apríl 2018.

Oddviti kynnti fundargerð 52. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um ársreikning 2017, samstarfs- og þjónustusamning við Héraðsskjalasafn Árnesinga um skönnun o.fl., Árskýrslu 2016 og starfsmannamál. Sveitarstjórn samþykkir samning við Héraðsskjalasafnið og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

Önnur mál:

18. Beiðni um breytingu á aðalskipulagi: Efra-Langholt.

Oddviti kynnti beiðni frá eigendum Efra-Langholts um endurskoðun á fyrri ákvörðun sveitarstjórnar að hafna breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps á landspildu í flokki landbúnðarlands undir frístundabyggð. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur sveitarstjóra og oddvita að afla frekari upplýsinga. Málinu vísað til afgreiðslu nýrrar sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 265. fundar stjórnar frá 24. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 16. fundar stjórnar frá 23. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 27. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

- d. Listasafn Árneseinga: Fundargerð stjórnar frá 10. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Brunavarnir Árneseyslu: Fundargerð stjórn frá 4. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. Umhverfis og tæknisvið uppsveita. Deiliskipulagsbreyting.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Skógarafurður: Vinnsla skógarafurða.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 859. fundar stjórnar frá 27. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. SASS: Fundargerð 531. fundar stjórnar frá 6. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Gjalp: Fundargerð aðalfundar frá 19. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.⁷
- k. Samband sunnlenskra kvenna: Fréttatilkynning.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Skýrsla orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Fundargerð aðalfundar Reiðhallarinnar á Flúðum ehf frá 19. mars s.l og ársreikningur 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- n. UMFH: Árskýrsla og rekstrarreikningur 2017.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- o. SASS: Auka aðalfundar SASS 26. og 27. júní 2018 í Vestmannaeyjum.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:30.